

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.***L Ö G****um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 70 millj. kr., er endurgreiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ úr hafnarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.***L Ö G****um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við a-lið 1. gr., svo sem hann er orðaður með lögum nr. 14 4. apríl 1955, lögum nr. 26 24. apríl 1957 og lögum nr. 74 3. des. 1960, bætist svofelldur málsliður:

Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.